

Tillaga að stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík

2016-2025

Drög 6. júlí 2016

Inngangur

Í samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur 2014-2018 er kveðið á um að lögð verði áhersla á jafnan aðgang barna að fjölbreyttu og skapandi frístundastarfi og að mótuð verði stefna um hlutverk Reykjavíkur í frístundapjónustu og félagsstarfi, með sérstaka áherslu á börn og unglinga.

Á vorönn 2015 skipaði borgarstjóri stýrihóp um frístundapjónustu og félagsstarf sem skilar hér tillögu að stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík sem ætlað er að ýta undir blómlegt félagslíf og frístundir í borginni. Hópnum var gert að kortleggja frístundapjónustu í Reykjavík og skilgreina hlutverk og markmið borgarinnar í þeim efnum. Einnig átti hann að fjalla um þjónustu gagnvart ólíkum hópum, aðstöðu til frístundaiðkunar og hvernig megi nýta innviði borgarinnar sem best. Einnig skyldi fjallað um samstarf innan borgarkerfis og við utanaðkomandi aðila; einkaaðila, félagasamtök, sjálfssprottið félagsstarf og sjálfbóðaliðasamtök.

Stýrihópin skipa Sóley Tómasdóttir (formaður), Skúli Helgason og Marta Guðjónsdóttir. Starfsmaður hópsins er Sigrún Sveinbjörnsdóttir. Stýrihópurinn fékk til liðs við sig fulltrúa frá öðrum sviðum borgarinnar sem málið snerta. Það eru þau Berglind Magnúsdóttir frá VEL, Einar Björn Magnússon frá MOF, Ómar Einarsson frá ÍTR og Soffía Pálsdóttir frá SFS.

Áður en hópurinn tók til starfa var búið að safna saman helstu stefnum og gögnum sem tengjast frístundapjónustu í Reykjavík og þau sett á innri vef skóla- og frístundasviðs:

http://innri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-350/774_view-2230/

Fyrir liggur margvísleg stefnumörkun borgarinnar sem eðlilegt er að taka mið af eins og *Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2019*, *Stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020*, *Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020*, *Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til 2017*, *Stefna í heilsuefningu eldri borgara*, *Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri*, fjölmenningarstefna SFS *Heimurinn er hér*, borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila frá 2010, auk *Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar* og *Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030*. Eins þarf stefnan að taka mið af *Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018* og *Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum*.

Hins vegar telur hópurinn vanta stefnu um frístundamiðstöðvar Reykjavíkurborgar, félagsmiðstöðvar fyrir 10-16 ára, frístundastarf fatlaðra barna og unglinga, frístundastarf barna og unglinga með annað móðurmál en íslensku, um hlutverk frjálsra félaga í frístundapjónustu, frístundasamgöngur, foreldrasamstarf í frístundastarfi, hlutverk félagsmiðstöðva (og frístundaheimila) í félagsstarfi grunnskólanna, sjálfssprottið félagsstarf, sjálfbóðaliðasamtök, Vinnuskólann og félagsstarf eldri borgara.

Þessi þjónusta er starfrækt í samræmi við samþykktir og ákvarðanir sem teknar hafa verið víða í borgarkerfinu en þarf að samræma og flétta inn í eina heildstæða stefnu.

Hópurinn efndi til víðtæks samráðs við ungt fólk og hagsmunaaðila. Haldnir voru tveir stórfundir, annars vegar með tæplega 200 unglíngum úr 8. – 10 bekkjum grunnskólanna í Reykjavík þann 11. nóvember 2015 og hins vegar með foreldrum og starfsfólki í frístundaþjónustu borgarinnar og frjálsra félaga, alls um 70 manns, þann 7. apríl 2016. Báðir fundirnir voru haldnir í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Umhverfi og skipulag frístundaþjónustu og félagsstarfs í Reykjavík

Segja má að *Meginstefna og starfsáherslur íþrótt- og tómstundasviðs (ÍTR) 2005-2010* sé eina heildstæða stefnan sem unnin hefur verið um frístundastarf á vegum Reykjavíkurborgar. Þar er fjallað um verkefni ÍTR, samstarf við félög og samtök og miðlæga þjónustu ÍTR. Verkefni ÍTR voru þá rekstur sundlauga, nokkurra íþróttahúsa, útivistarsvæða, skíðasvæða, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, frístundamiðstöðva, Hins hússins, Vinnumiðlunar ungs fólks, samstarf við félagasamtök og fleira. Í stefnunni segir að vettvangur ÍTR sé frítíminn og að þjónusta ÍTR sé ætluð borgarbúum á öllum aldri. „Í frítímanum á að vera gaman en frítíminn er einnig kjörinn til að fást við þroskandi og krefjandi verkefni. ÍTR vill því að frítímaþjónustan stuðli að félagslegri velferð og sé farvegur menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegar þátttöku.“

Þegar Skóla- og frístundasvið (SFS) var stofnað árið 2011 fluttist rekstur frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaklúbba, frístundaheimila, frístundaaksturs, Skrekks og Brúðubílsins frá ÍTR á hið nýstofnaða svið. Á SFS heyrir málaflokkurinn undir frístundahluta fagskrifstofu sem að auki hefur umsjón með skólahljómsveitum, samstarfi við tónlistar og myndlistarskóla og verkefnisstjóra barnamenningar í samstarfi við menningar- og ferðamálasvið. Leiðarljós frístundastarfs SFS eru að „Börnum og unglíngum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglínga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.“¹ . Að auki hefur frístundahluti fagskrifstofu umsjón með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í borgarhlutunum í tengslum við frístundaráðgjöf.

ÍTR hefur hins vegar áfram umsjón með rekstri íþróttamannvirkja (sundlauga og íþróttahúsa), samskiptum og samningum við íþrótt- og æskulýðsfélög, Frístundakortinu, rekstri skíðasvæða og skíðalyfta í hverfum, rekstri Hins hússins, þ.m.t. starfsemi fyrir fötluð ungmenni eldri en 16 ára, rekstri Ylstrandar í Nauthólsvík og Sigluness og rekstri Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Félagsstarf eldri borgara heyrir undir félagsmiðstöðvar Velferðarsviðs. Í *Eftirfylgni- og aðgerðaráætlun vegna breyttra áherslna í félagsstarfi á félagsmiðstöðvum Velferðarsviðs* frá desember 2013 segir: „Á

¹ Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS, 2015.

hverju þjónustusvæði verði boðið upp á félagsstarf á að minnsta kosti einni félagsmiðstöð þar sem markvisst er unnið að og hvatt til sjálfstæðis starfsins í formi námskeiða verktaka, sjálfboðaliðastarfs og stjórnar/Æðsta Ráðs/samvinnuhóps notenda sem ákveður dagskrá í samvinnu við og með stuðningi starfsmanna á staðnum.“ Í áætluninni er jafnframt kveðið á um að á hverju þjónustusvæði sé boðið upp á félagsstarf með stuðningi, að meirihluti starfsfólks sem sinni félagsstarfi búi yfir háskólamenntun og að hreyfing sé hluti af starfinu.

Frístundaþjónusta á vegum Reykjavíkurborgar deilist ekki jafnt á alla aldurshópa. Frístundaheimilin þjónusta vel 6-9 ára börn, megin markhópur félagsmiðstöðva er 13-16 ára unglingar, Hitt húsið hefur stóran markhóp sem eina eiginlega ungmennahúsið í borginni og markhópur félagsmiðstöðva Velferðarsviðs er fyrst og fremst eldra fólk. Í nýrri stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík þarf því að skoða hvort jafna eigi þjónustustigið við mismunandi aldurshópa. Sérstaklega verður sjónum beint að 10-12 ára og 16-18 ára, en eftir að sjálfræðisaldurinn hækkaði í 18 ár hefur frístundaþjónustan við þennan aldur lítið breyst. Auk þess þarf að skilgreina hlutverk borgarinnar þegar kemur að frístundaþjónustu við almenning óháð aldri.

Stefna um frístundaþjónustu og félagsstarf til ársins 2025

Frístund er sá tími sem gefst þegar skyldum við skóla eða vinnu og heimili lýkur. Í Reykjavík á að vera skemmtileg frístundaþjónusta sem stuðlar að félagslegri velferð og er farvegur óformlegrar menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku. Frístundaþjónustan miðar að því að efla félagsauð hverfanna með því að stuðla að félagslegri þátttöku almennings og samstarfi hagsmunaaðila í hverfum. Frístundaþjónustan í Reykjavík er byggð upp af fjölmörgum ólíkum aðilum. Reykjavíkurborg veitir ákveðna grunnþjónustu og félagasamtök, menntastofnanir og fleiri aðra. Starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar og styrkir borgarinnar til félaga og samtaka miða að því að stuðla að jöfnu og fjölbreyttu aðgengi að grunnþjónustu. Í öllu frístundastarfi er leitast við að efla sjálfsmynd einstaklinga með því að gefa þeim tækifæri til að blómstra í því sem þeir eru góðir í og þjálfa upp nýja færni eftir áhugasviði hvers og eins. Sérstaklega er hugað að því að virkja til þátttöku einstaklinga sem eiga undir högg að sækja vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna og stuðla að því að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra. Skipulagt frístundastarf er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er að því að auka þekkingu og hafa áhrif á viðhorf og atferli hverfisbúa á þann veg að þeir kjósi sér heilbrigðan lífsstíl.

Gert er ráð fyrir því Reykvíkingar séu sjálfir skapandi og virkir í sínum frítíma, bæði skipulagi og sem þjónustuþegar. Í samræmi við *Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í æskulýðsmálum (2014-2018)* verður sérstaklega lögð áhersla á að börn og ungmenni hafi bein áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir um æskulýðsmál samanber ríka áherslu á samstarf við börn og ungmenni við gerð þessarar stefnu. Áfram er gert ráð fyrir að frístundamiðstöðvar borgarinnar beri ábyrgð á starfi ungmennaráða í hverfum borgarinnar og Reykjavíkurráði ungmenna, þar sem unglingar hafa tækifæri til áhrifa, að þau geti látið í sér heyra og unnið að málefnum ungs fólks. Nemendaráð allra grunn- og framhaldsskóla tilnefna tvo fulltrúa, 13-18 ára, til að starfa í ungmennaráði viðkomandi hverfis.

Jafnframt verður lögð rækt við að vinna að því markmiði úr fyrrnefndri stefnumótun að menntun og þjálfun þeirra sem starfa að æskulýðsmálum sé fagleg og stuðli að sífellt auknum gæðum í æskulýðsstarfi. Í Reykjavík verði leitast við að nýta þekkingu tómsunda- og félagsmálafræðinga og annarra sérfræðinga í frístundastarfi fyrir fólk á öllum aldri.

Fritíminn er stór þáttur í lífi fólks. Rannsóknir sýna að fólk ver tvöfalt meiri tíma í frístundir um ævina heldur en í skóla og atvinnu samanlagt. Það hvernig fritímanum er varið getur haft umtalsverð áhrif á lífsgæði, vellíðan, andlega og líkamlega heilsu, hamingju og lífsgleði, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt.

Tómsundamenntun er eitt af grunnhugtökum í tómsunda- og félagsmálafræði, en hún felst í því að einstaklingum er kennt að nota fritíma sinn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt með það að markmiði að auka lífsgæði.

Aðstæður til frístundastarfs í Reykjavík eru góðar, með fjölmörgum sérhæfðum mannvirkjum til íþróttar og heilsueflingar, opnum svæðum og góðum aðgangi að óbeislaðri náttúru, auk húsnæðis til skóla- og frístundastarfs. Rík áhersla er lögð á góða og ábyrga nýtingu á þessari aðstöðu í þágu borgarbúa.

Stefna þessi styður við og styrkir markmið Reykjavíkurborgar um betri borg, á sviði jafnréttis, mannréttinda, umhverfisverndar og lýðheilsu, þar sem aukin lýðræðisleg virkni leiðir af sér aukna samfélagsvitund og samfélagslega ábyrgð.

Markmið Reykjavíkurborgar er því að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu um alla borg sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags.

1. Frístunda- og félagsstarf almennings

Staðan: Reykjavíkurborg býður almenningi upp á þjónustu í sjö sundlaugum sem eru almennt opnar frá morgni til kvölds virka daga og um helgar. Auk þess býður borgin upp á fjölmarga aðra möguleika fyrir fjölskyldur og almenning til að nýta í fritímanum. Þar má nefna Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Ylströndina, skíðasvæðin, útivistarsvæði við Gufunesbæ, á Klambratúni, Elliðaárdal og víðar, listasöfn, bókasöfn og fleira. Fimm frístundamiðstöðvar eru starfandi í borginni og hafa þær umsjón með frístundaheimilum fyrir 6-9 ára og félagsmiðstöðvum fyrir 10-16 ára í viðkomandi borgarhluta. Þar að auki hafa frístundamiðstöðvarnar starfrækt ungmennaráð hverfanna, tekið þátt í hverfasamstarfi, staðið fyrir hverfaviðburðum og boðið upp á ýmiss konar aðstöðu fyrir hverfisbúa.

Framtíðarsýn: Frístundamiðstöðvar sjá um félags- og tómsundastarf sem hefur forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi í samræmi við *Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS*. Þær eru vettvangur fyrir starf á vegum borgarinnar og félagasamtaka, hópa eða íbúa í viðkomandi borgarhluta. Frístundamiðstöðvar eru athvarf fyrir fólkið í borgarhlutanum þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín, “pop-up”-kaffihús, menningarviðburðir, námskeið, smíðjur, fræðsla og hverfishátíðir svo fátt eitt sé talið. Á vegum frístundamiðstöðva er boðið upp á þjónustu

fyrir afmarkaða aldurshópa en jafnframt lögð áhersla á samverustundir kynslóða. Starfsemin er ekki bundin við eitt hús heldur fer hún fram víða í hverfum borgarinnar. Fyrir utan húsnæði frístundamiðstöðva eru góðar aðstæður til hvers kyns frístundaiðkunar; íþróttaaðstaða, sundlaugar, útivistarsvæði, skíðasvæði, grenndarskógar og almenningsgarðar. Annað húsnæði í hverfum, s.s. íþróttamannvirki, skólar, menningarmiðstöðvar, söfn og félagsmiðstöðvar verða nýtt með fjölbreyttum hætti fyrir alla aldurshópa þar sem stuðlað er að aukinni valdeflingu, lýðheilsu, hreyfingu, leikjum og virkni. Netið skipar stóran og mikilvægan sess í frítímanum og lögð er áhersla á ábyrga notkun og uppbyggilega nýtingu þeirra.

Aðgerðir:

- Gera tómsbundamenntun hærra undir höfði gegnum formlegt og óformlegt nám sem felst meðal annars í því að bjóða börnum, ungmönnum og öðrum íbúum upp á fjölbreytta og uppbyggilega möguleika til tómsbundastarfs og kenna þeim að nota frítíma sinn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.
- Nýta húsnæði og aðstöðu í borginni betur í þágu frístundastarfs fyrir almenning.
- Boðið verði upp á fjölskyldusmiðjur á vegum frístundamiðstöðva þar sem fjölskyldur geta komið saman og sinnt afmörkuðum hugðarefnum.
- Setja upp svokallaða vinabekki (buddy bench) á opnum svæðum fyrir fólk sem hefur áhuga á félagsskap og spjalli.
- Fram fari kynning á frístundatilboðum í Ráðhúsinu og/eða öðrum opinberum stöðum á vegum borgarinnar.
- Koma til móts við síbreytilegar þarfir borgarbúa um opnunartíma og þjónustu sundlauga.
- Gera átak í að fjölga leiktækjum í sundlaugunum fyrir börn og unglinga.
- Leita leiða til að stuðla að jöfnu aðgengi barna og unglinga að frístundastarfi óháð efnahag foreldra.
- Auka samstarf milli sviða og stofnana með það að markmiði að nýta húsnæði betur.
- Nýta mannvirkjavef ÍTR til að ná fram betri nýtingu í mannvirkjum borgarinnar fyrir frístunda- og íþóttastarf, meðal annars í skólum, skólaíþróttahúsum og íþróttamannvirkjum borgarinnar og félaga.
- Félög og íbúar geta fengið afnot af frístundamiðstöðvum á eigin ábyrgð.
- Bæta aðstöðu á útivistarsvæðum, t.d. í kringum skíðabrekkur borgarinnar og byggja upp starfsemi þar til notkunar allan ársins hring.
- Efla starfsemi á öðrum útivistarsvæðum m.a. í Nauthólsvík, í Gufunesi, Elliðaárdal, á Klambratúni, við Rauðavatn og víðar.
- Bæta allt upplýsingaflæðið um frístundastarf á vef borgarinnar. Koma mætti upp á forsíðu heimasíðunnar „lykli“ sem gæfi tenginu á allar þær upplýsingasíður sem þegar eru til staðað um frístundir og íþróttir, meðal annars hjá borginni, félögum o.fl.

2. Frístundir og félagsstarf yngri en 9 ára

Staðan: Í leikskólum borgarinnar og þjónustu dagforeldra er frjálsum leik gefið mikið vægi og lögð áhersla á að efla félagsþroska barna. Hugmyndafræði leikskóla og frístundastarfs er keimlík, enda ekki lögbundnar/beinar skyldur sem lagðar eru á herðar börnum á þessari starfsemi.

Frístundatilboð félagasamtaka miðast að stærstu leyti við grunnskólaaldur. Fyrir 6-9 ára börn eru starfrækt frístundaheimili þar sem boðið er upp á fjölbreytt frístundastarf eftir að skóla lýkur.

Framtíðarsýn: Frístundastarf verður á hverfisgrunni, þar sem foreldrar hafa aðstæður til að hittast með börn sín í frítímanum og fást við margvíslega iðju. Lögð er áhersla á markvissa kynningu og aðlögun barna á leikskólaaldri að fjölbreyttu starfi frístundaheimila. Hlutverk og gæðakröfur til frístundaheimila verða skýrar og reglur um starfsemina sömuleiðis. Öll börn geta fundið sér frístundastarf við hæfi í nærumhverfi sínu, þó sértæk áhugamál þurfi ef til vill að stunda utan hverfis. Frístundastarfi er almennt lokið áður en vinnudegi foreldra lýkur. Almenningsamgöngur taka mið af frístundastarfi barna.

Aðgerðir:

- Boðið sé upp á fjölbreytt frístundastarf í öllum borgarhlutum og leitast við að nýta styrki borgarinnar til að jafna tækifæri til íþróttar-, tónlistar- og annars tómstundastarfs milli borgarhluta og hverfa. Í styrkveitingum borgarinnar til félagasamtaka verði í þessu skyni horft til framboðs á þjónustu í hverfum og reynt að stuðla að auknu jafnræði milli hverfa.
- Frístundaheimili byggi brú milli leik- og grunnskólastigsins, þar sem börn sem eru að klára leikskólann fara beint inn á frístundaheimili að sumarfríi loknu og fá því að kynnast umhverfi frístundastarfsins áður en formleg grunnskólaganga þeirra hefst. Leikskólakennarar og frístundaráðgjafar vinna saman að nánari útfærslu.
- Efla kynningu, samstarf og samráð við foreldra barna á frístundaheimilum.
- Í leikskólum verði sköpuð tækifæri til samstarfs við félagasamtök um tómstundastarf, s.s. íþróttir, dans, sund og tónlist.
- Stefnt verði að auknu samstarfi við Strætó um frístundaakstur og börn á frístundaheimilum verði markvisst þjálfuð í að nota strætó og aðra virka samgöngumáta í tengslum við frístundastarf. Skoðaðir verði möguleikar á að börn í 1. og 2. bekk geti notað árskort frá Strætó í frístundaakstur hverfisíþróttafélaganna.
- Kannaðir verði möguleikar á að börn sem eru að fara í annað tómstundastarf heldur en íþróttir hverfisíþróttafélaganna geti nýtt sér frístundaakstur.
- Íþróttafélög verði hvött til þess að bjóða upp á að foreldrar barna á þessum aldri borgi eitt gjald fyrir íþróttastarf og börnin fái að kynnast mörgum íþróttagreinum innan félagsins.
- Þróuð verði áfram frístundaþjónusta fyrir 8 og 9 ára börn með það að markmiði að auka þátttöku þeirra í starfinu.
- Skapa aðstæður til að koma betur til móts við börn og ungmenni með annað móðurmál en íslensku, aðra minnihlutahópa og þá sem þurfa meiri hvatningu og stuðning í frístundastarfi. Leitast verði við að nálgast þau á þeirra forsendum og skapa aðstæður við þeirra hæfi.

3. Frístundir og félagsstarf 10-15 ára

Staðan: Í Reykjavík starfa 24 félagsmiðstöðvar. Þar er boðið upp á félagsstarf fyrir 10-16 ára börn og unglinga í frítíma þeirra. Áhersla er lögð á að ná til þeirra unglinga sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Félagsmiðstöðvarnar eru ýmist starfræktar í eigin húsnæði eða í húsnæði grunnskólanna. Opnunartími fylgir að mestu starfsári grunnskólanna. Yfir sumartímamann er megináhersla lögð á hópastarf. Í fjórum félagsmiðstöðvum er boðið upp á sértækt starf fyrir fötluð börn og unglinga; Öskju, Hellinum, Hofinu og Höllinni.

Framtíðarsýn: Frístundastarf verður á hverfisgrunni, þar sem unglingar hafa tækifæri til að hittast í frítímanum og fást við margvíslega iðju á eigin forsendum með leiðsögn fagfólks. Hlutverk og gæðakröfur til félagsmiðstöðva verða skýrar og reglur um starfsemina sömuleiðis. Allir unglingar geta fundið sér frístundastarf við hæfi í nærumhverfi sínu, þó sértæk áhugamál þurfi ef til vill að stunda utan hverfis. Hverfisíþróttafélög vinna saman og kynna íþróttagreinar sem ekki eru alls staðar í boði milli hverfa, auk þess sem íþrótt-, lista og tómsundatilboð án keppnis- eða afreksáherslna verða í boði fyrir þá unglinga sem þess kjósa. Frístundastarf verður án aðgreiningar, þar sem stuðningur verður veittur ef þörf krefur til frístundastarfs 10-15 ára í félagsmiðstöðvum eins og í frístundaheimilum. Almenningsangöngur taka mið af frístundastarfi barna.

Aðgerðir:

- Auka félagsmiðstöðvastarf og annað frístundastarf fyrir 10-12 ára börn.
- Setja af stað vinnu sem miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr skipulögðu frístundastarfi á unglingsárunum.
- Efla foreldrasamstarf í félagsmiðstöðvum.
- Unglingar sem eru virkir í félagsmiðstöðvastarfi geti fengið fyrir það viðurkenningu frá félagsmiðstöðinni.
- Bæta aðstöðu í félagsmiðstöðvum og auka opnunartíma til að geta boðið upp á frístundastarf án aðgreiningar. Fjármagni sem veitt hefur verið í sértækar félagsmiðstöðvar verði deilt út í borgarhluta út frá fjölda og þjónustuþyngd þeirra barna sem nýta þjónustuna.
- Íþróttafélög, tónlistarskólar, myndlistarskólar og skólahljómsveitir verði hvött til að bjóða opna tíma fyrir þennan aldurshóp.
- Íþróttafélög verði hvött til að bjóða upp á íþróttaiðkun sem ekki er afreks- eða keppnismiðuð.
- Tekin verði samræða við skólasamfélagið um að heimanám komi ekki í veg fyrir þátttöku barna og unglinga í frístundastarfi.
- Auka kynningar á tómsundatilboðum í hverfum og tómsundamenntun í grunnskólum verði eflað þar sem börnum og unglungum er kennt að nýta frítíma sinn á uppbyggilegan hátt.
- Auka aðgengi barna með annað móðurmál en íslensku sem að skipulögðu frístundastarfi. Starfsmenn borgarinnar fari í heimsóknir til fjölskyldna með annað móðurmál en íslensku, kynni hvað er í boði og byggja upp traust og skilning á mikilvægi skipulagðs frístundastarfs.

4. Frístundir og félagsstarf 16-25 ára

Staðan: Íþrótt- og tómsfundasvið (ÍTR) starfrækir Hitt Húsið sem er opið öllu ungu fólki á aldrinum 16-25 ára. Þar geta ungmenni komið í sínum frítíma, kynnt hugmyndir sínar og nýtt sér aðstöðuna. Hitt Húsið býður einnig upp á sértækt frístundastarf fyrir 16-20 ára ungmenni með fötlun sem stunda nám á starfsbrautum framhaldsskólanna. Meginmarkmið starfsins er að stuðla að virkni og félagslegri þátttöku ungmenna í frístundum. Að auki hafa verið gerðar tilraunir með starf fyrir 16 ára og eldri í frístundamiðstöðvum borgarinnar.

Framtíðarsýn: Í öllum borgarhlutum verður aðstaða þar sem ungmenni geta hist og fengist við margvíslega iðju á eigin forsendum með leiðsögn fagfólks. Sérstök áhersla verður lögð á forvarnir og starf sem miðar að því að styrkja félagslega stöðu 16-18 ára ungmenna, í samstarfi við framhaldsskólana og félagasamtök. Öll ungmenni geta fundið sér frístundastarf við hæfi í nærumhverfi sínu, þó sértæk áhugamál þurfi ef til vill að stunda utan hverfis. Íþrótt-, lista- og tómsfundatilboð verði í boði fyrir ungmenni sem ekki hafa áhuga á keppni eða afreksáherslum. Frístundastarf verður án aðgreiningar, þar sem stuðningur verði veittur ef þörf krefur til frístundastarfs ungmenna. Almenningsamgöngur taki mið af frístundastarfi ungmenna.

Aðgerðir:

- Móta umgjörð um frístundastarf fyrir 16-18 ára í öllum borgarhlutum á forsendum forvarnar- og félagsstarfs.
- Frístundamiðstöðvar/þjónustumiðstöðvar auki samstarfið við framhaldsskólana til að sinna betur 16-18 ára hópnunum í frítímanum.
- Styðja við 16-18 ára framhaldsskólanemendur sem eru í áhættuhópi, s.s. vegna brottfarfs frá námi, neyslu eða félagslegrar stöðu.
- Finna leiðir í samstarfi við ungmenni til að auka áhrif og virkni þeirra í málum er varða þau í frítíma sínum.

5. Frístundir og félagsstarf eldra fólks

Staðan: Velferðarsvið starfrækir 17 félagsmiðstöðvar víðsvegar um borgina sem eru opnar Reykvíkingum á öllum aldri. Markmið starfseminnar er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómsfundastarf auk fjölda námskeiða. Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins. Hádegisverður er í boði á öllum þessum stöðvum og kaffiveitingar.

Framtíðarsýn: Í öllum borgarhlutum verður frístundaþjónusta í boði fyrir eldra fólk og aðstaða þar sem fólk getur hist og fengist við margvíslega iðju á eigin forsendum með leiðsögn fagfólks. Sérstök áhersla verður lögð á að hlúa að og styðja við sjálfsprottið frístundastarf og samstarf við

félagasamtök. Eldra fólk hefur aðgang að íþróttamannvirkjum borgarinnar fyrir fjölbreytta íþróttaiðkun og heilsueflingu. Staðsetning frístundastarfs taki mið af aðstæðum og samgönguháttum eldra fólks.

Aðgerðir:

- Umsjón og stjórnskipuleg ábyrgð á frístunda- og félagsstarfi eldra fólks á vegum Reykjavíkurborgar færast til frístundahluta skóla- og frístundasviðs.
- Aðstaða til frístundaiðkunar verði nýtt í þágu eldra fólks eins og kostur gefst.
- Unnið verði að betri tengingu félagsstarfs á vegum Reykjavíkurborgar við starf íþróttafélaga, dansskóla, stéttarfélaga, kirkjunnar og starfsmannafélög fyrrum starfsmanna.
- Íþróttafélög verði hvött til að bjóða upp á starf fyrir eldra fólk.
- Aðrar stofnanir Reykjavíkurborgar leggi sitt af mörkum t.d. að aldraðir geti nýtt tónlistarnám og söfn.
- Kynna það sem er í boði betur og hafa í huga aldraða, innflytjendur og einnig fatlað fólk.
- Upplýsingar um frístundastarf fyrir eldra fólk verði birtar og gerðar aðgengilegar meðal annars inni á www.fristund.is og á heimasíðu borgarinnar.
- Unnið verði eftir tillögum starfshóps um heilsueflingu aldraðra.